



228. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 22. janúar 2015 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Örn Andrésson, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Hafsteinn Pálsson, Jón Gestur Viggósson, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Dagskrá:

Viðar Garðarsson kom sem gestur inn á fundinn til að kynna hugmyndir og áætlanir um samstarf íþróttahreyfingarinnar og SportTV um leiðir til að koma íþróttafni á framfæri í sjónvarpi og netmiðlun. Viðar fór síðan af fundi.

1. Ólympísk málefni

Afreks- og ólympíusvið ÍSí óskaði eftir rafrænu samþykki frá framkvæmdastjórn ÍSí í vikunni um þátttakendur á EYOWF 2015 í Liechtenstein/Vorarlberg og var tillagan var samþykkt með tölvupóstsendingum. Eftirfarandi voru tilnefndir til fararinnar:

Örvar Ólafsson	aðalfararstjóri
Mundína Ásdís Kristinsdóttir	sjúkráþjálfari
John Detter Kauffman	flokksstjóri og þjálfari, listhlaup
Kristinn Magnússon	flokksstjóri og þjálfari, alpagreinar
Steven Gromatka	flokksstjóri og þjálfari, skíðaganga
Arnar Birkir Dansson	keppandi – alpagreinar
Andrea Björk Birkisdóttir	keppandi – alpagreinar
Elísa Arna Hilmarsdóttir	keppandi – alpagreinar
Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir	keppandi – alpagreinar
María Eva Eyjólfsdóttir	keppandi – alpagreinar
Kristín Valdís Örnólfsdóttir	keppandi – listhlaup á skautum
Albert Jónsson	keppandi – skíðagöngu
Dagur Benediktsson	keppandi – skíðagöngu

Einnig mun Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí sækja leikana en hún á sæti í EYOF nefnd Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC) og mun sinna eftirlitshlutverki meðan á leikunum stendur.

2. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn Guðmundsdóttir kynnti helstu tölur úr forskráningu fjölda þátttakenda á leikunum ásamt skráningu sjálfboðaliða. Einnig fór hún yfir það helsta í undirbúningi fyrir leikana.

Forseti skýrði frá ákvörðun EOC um að styrkja hverja þátttökuþjóð um 10.000 Evrur vegna þátttöku í leikunum. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með ákvörðun EOC um styrk til þátttökuþjóðanna.

Samþykkt að koma til móts við gagnrýni þjóðanna á hátt þátttökugjald pr. mann og lækka gjaldið pr. mann á dag um 5 Evrur. Gjaldið fer úr 190 Evrum niður í 185 Evrur pr. mann pr. dag.

3. Afrekssjóður – úthlutun

Örn Andrésen formaður Afrekssjóðs ÍSÍ skýrði tillögu sjóðsstjórnar um úthlutun fyrir árið 2015. Alls hljóðar tillagan upp á úthlutun að upphæð 122.310.000,-.

Blaksamband Íslands (BLÍ)

- A landslið karla	kr.	300.000,-
- A landslið kvenna	kr.	300.000,-
- Strandblak, (Elísabet Einarasdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir)	kr.	300.000,-
- U17 lið karla og kvenna	kr.	300.000,-
Alls	kr.	1.200.000,-

Badmintonsamband Íslands (BSÍ)

- Landsliðsverkefni, EM	kr.	1.200.000,-
- Margrét Jóhannsdóttir	kr.	300.000,-
- Kári Gunnarsson	kr.	300.000,-
Alls	kr.	1.800.000,-

Borðtennissamband Íslands (BTÍ)

- Landsliðsverkefni, EM og HM	kr.	400.000,-
Alls	kr.	400.000,-

Dansíþróttasamband Íslands (DSÍ)

- Landsliðsverkefni, HM, EM o.fl.	kr.	1.100.000,-
Alls	kr.	1.100.000,-

Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ)

- Landsliðsverkefni	kr.	2.750.000,-
- Aníta Hinriksdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Ásdís Hjálmsdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Guðmundur Sverrisson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Hafdís Sigurðardóttir / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Kári Steinn Karlsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Sindri Hrafn Guðmundsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Óðinn Björn Þorsteinsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Hilmar Örn Jónsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Verkefnastjóri afreksmála	kr.	1.200.000,-
- Fagteymi	kr.	200.000,-
Alls	kr.	11.590.000,-

Fimleikasamband Íslands (FSÍ)

- Valgarð Reinhardsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Norma Dögg Róbertsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Eyþór Örn Baldursson / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Nanna Guðmundsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Landsliðsverkefni í áhaldafimleikum, NM, EM, HM o.fl.	kr.	2.500.000,-
- Landsliðsverkefni í hópfimleikum	kr.	1.500.000,-
Alls	kr.	5.000.000,-

Golfsamband Íslands (GSÍ)

- Landsliðs Íslands vegna HM og EM	kr.	3.500.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni	kr.	500.000,-
- Gísli Sveinbergsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-

- Ragnhildur Kristinsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Fannar Steingrímsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
Alls	kr.	4.600.000,-
Handknattleikssamband Íslands (HSÍ)		
- A-landslið karla	kr.	16.000.000,-
- A-landslið kvenna	kr.	5.500.000,-
- U19 pílta	kr.	1.000.000,-
- U21 karla	kr.	500.000,-
- U19 kvenna	kr.	500.000,-
- U17 stúlkna	kr.	500.000,-
- U17 drengja	kr.	1.000.000,-
Alls	kr.	25.000.000,-
Íþróttasamband fatlaðra (ÍF)		
- Helgi Sveinsson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Jón Margeir Sverrisson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Thelma Björg Björnsdóttir / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Kolbrún Alda Stefánsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Jóhann Þór Hólmgrímsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni í frjálsíþróttum	kr.	800.000,-
- Landsliðsverkefni í sundi	kr.	800.000,-
Alls	kr.	8.020.000,-
Íshokkísamband Íslands (ÍHÍ)		
- A-landslið karla vegna HM 2015	kr.	800.000,-
- U18 landslið karla vegna HM 2015	kr.	300.000,-
- A-landslið kvenna vegna HM 2015	kr.	300.000,-
Alls	kr.	1.400.000,-
Skautasamband Íslands (ÍSS)		
- Landsliðsverkefni	kr.	500.000,-
Alls	kr.	500.000,-
Júðósamband Íslands (JSÍ)		
- Þormóður Árni Jónsson / B-styrkur	kr.	1.440.000,-
- Adrian Sölvi Ingimundarson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni	kr.	1.200.000,-
Alls	kr.	2.940.000,-
Karatesamband Íslands (KAÍ)		
- Landslið fullorðinna í kata og kumite	kr.	800.000,-
- Telma Rut Frímansdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
Alls	kr.	1.100.000,-
Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ)		
- A-landslið karla	kr.	12.000.000,-
- A-landslið kvenna	kr.	1.000.000,-
- U18 stúlkna	kr.	500.000,-
- U18 drengja	kr.	500.000,-
- U16 drengja	kr.	500.000,-
- U16 stúlkna	kr.	500.000,-
Alls	kr.	15.000.000,-
Keilusamband Íslands (KLÍ)		
- A-landslið karla	kr.	300.000,-
- A-landslið kvenna	kr.	300.000,-
- Ungmennalandslið	kr.	150.000,-
- Unglingalandslið	kr.	150.000,-
Alls	kr.	900.000,-
Kraftlyftingasamband Íslands (KRA)		
- Auðunn Jónsson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Júlían Jóhann Karl Jóhannsson / C-styrkur	kr.	720.000,-

- Sigfús Þorgeir Fossdal / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Fanney Hauksdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Viktor Samúelsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Aron Lee Du Teitsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- María Guðsteinsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Viktor Ben Gestsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni, EM og HM	kr.	500.000,-
Alls	kr.	5.420.000,-
Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ)		
- A-landslið kvenna	kr.	7.500.000,-
- U17 kvenna	kr.	500.000,-
Alls	kr.	8.000.000,-
Landssamband hestamannafélaga (LH)		
- Landsliðsverkefni, HM 2015	kr.	1.500.000,-
Alls	kr.	1.500.000,-
Lyftingasamband Íslands (LSÍ)		
- Anna Hulda Ólafsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Lilja Lind Helgadóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Guðmundur Högni Hilmarsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
Alls	kr.	700.000,-
Siglingasamband Íslands (SÍL)		
- Landsliðsverkefni	kr.	500.000,-
Alls	kr.	500.000,-
Skíðasamband Íslands (SKÍ)		
- Landsliðsverkefni - Alpagreinar	kr.	3.500.000,-
- Landsliðsverkefni - Skíðaganga	kr.	800.000,-
- Helga María Vilhjálmsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Sævar Birgisson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Einar Kristinn Kristgeirsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
Alls	kr.	5.200.000,-
Skylmingasamband Íslands (SKY)		
- Þorbjörg Ágústsdóttir / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Kvinnalandslið	kr.	500.000,-
- U-20/U-17 landsliðsverkefni,	kr.	300.000,-
- Karlalandslið	kr.	500.000,-
Alls	kr.	2.020.000,-
Sundsamband Íslands (SSÍ)		
- Landsliðsverkefni	kr.	2.500.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni	kr.	500.000,-
- Anton Sveinn McKee / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Eygló Ósk Gústafsdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Hrafnhildur Lúthersdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Inga Elín Cryer / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Kristinn Þórarinnsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Verkefnastjóri afreksmála	kr.	1.200.000,-
Alls	kr.	12.000.000,-
Skotíþróttasamband Íslands (STÍ)		
- Ásgeir Sigurgeirsson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Hákon Þ. Svavarsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni í haglabyssu	kr.	500.000,-
- Landsliðsverkefni í loftbyssu	kr.	500.000,-
Alls	kr.	3.700.000,-
Taekwondósamband Íslands (TKÍ)		
- Meisam Rafiei / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Ástrós Brynjarsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni – Poomsae landslið	kr.	500.000,-
- Landsliðsverkefni – Kyrogi landslið	kr.	500.000,-

	Alls	kr.	2.020.000,-
Tennissamband Íslands (TSÍ)			
- Landslið karla vegna Davis cup		kr.	200.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni erlendis		kr.	200.000,-
	Alls	kr.	400.000,-
ÍSí v/ Bogfiminefndar ÍSí			
- Karllandslið Íslands í bogfimi		kr.	300.000,-
	Alls	kr.	300.000,-
	Heildarúthlutun	kr.	122.310.000,-

Fundarmenn ræddu tillögurnar og Friðrik Einarsson formaður Afreks- og ólympíusviðs ÍSí rifjaði upp það skilyrði til úthlutunar sem lýtur að skilum á afreksstefnu viðkomandi sérsambands og tímasettri framkvæmdaáætlun. Borðtennissamband Íslands var eina sérsambandið af þeim sem sóttu um styrk úr sjóðnum sem ekki skilaði inn tímasettri framkvæmdaáætlun á tilsettum tíma en sambandið er í samskiptum við sviðsstjóra og von er á umbeðnum gögnum.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með þeim fyrirvara að greiðsla til BTÍ sé háð skilum á ofangreindri framkvæmdaáætlun. Styrkur vegna bogfimi verður greiddur til ÍSí þar sem Bogfiminefnd ÍSí er undir fjárhagslegri ábyrgð ÍSí.

Þakkar bókaðar til sjóðsstjórnar Afrekssjóðs ÍSí vegna þeirrar miklu vinnu sem felst í undirbúningi tillagna til úthlutunar úr sjóðnum, ekki síst til Arnar Andréssonar formanns Afrekssjóðs ÍSí og Andra Stefánssonar sviðsstjóra Afreks- og ólympíusviðs ÍSí, sem hafa lagt ómælda vinnu í tillögugerðina.

Blaðamannafundur vegna úthlutunar úr Afrekssjóði ÍSí verður haldinn kl. 13 á morgun í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

4. Útbreiðslustyrkir sérsambanda og íþróttahéraða

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSí kynnti tillögu Fjármálaráðs ÍSí að útbreiðslustyrk sérsambanda 2015 og tillögu Fjármálaráðs ÍSí að útbreiðslustyrk íþróttahéraða 2014. Tillögurnar um styrk til héraðssambanda samþykkt.

5. Lottóskipting sérsambanda 2015

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSí kynnti tillögu Fjármálaráðs ÍSí að skiptingu lottós til sérsambanda ÍSí 2015.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Ríkisstyrkur sérsambanda 2015

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSí kynnti tillögu Fjármálaráðs ÍSí að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSí 2015.

Um er að ræða skiptingu á 85 m.kr. framlagi ríkisins til að styðja við starfsmannahald sérsambanda. Nýtt sérsamband, Hjólreiðasamband Íslands, bætist nú við skiptinguna og við það verða breytingar á skiptingunni.

Tillagan samþykkt samhljóða.

7. Erindi SportTV

Rætt um erindi SportTV, sem Viðar Garðarsson skýrði í upphafi fundar. ÍSí hefur borist formlegt erindi frá SportTV þar sem óskað er eftir aðkomu ÍSí að þessu verkefni.

Forseti skýrði frá fundum sem hann og framkvæmdastjóri hafa setið með fulltrúum fyrirtækisins en verkefnið hefur verið í hraðri móttun undanfarna daga og er enn ekki fullmótað. Stefnt er að því að bjóða íþróttahreyfingunni þjónustu og gæti með þessu opnast heppileg leið fyrir ÍSÍ að kynna sína starfsemi og verkefni. Miðillinn mun bjóða hagstæð verð fyrir hreyfinguna og möguleika á góðri nýtingu á auglýsingatíma.

Fundarmenn tóku jákvætt í erindið og samþykktu að heimila forseta og framkvæmdastjóra að skoða nánar aðkomu ÍSÍ að verkefni þessu.

Einnig samþykkt að forseti og framkvæmdastjóri skoði möguleikann á því að skipað verði teymi, sem kæmi fram fyrir hönd hreyfingarinnar í samskiptum við SportTV, til að hafa yfirsýn yfir stöðu mála milli aðila í íþróttahreyfingunni, samræma og gæta hagsmuna sérsambanda og ÍSÍ vegna hugsanlegrar aðkomu að verkefninu.

8. Skipan Bygginganefnd ÍSÍ

Samþykkt að skipa Bygginganefnd ÍSÍ. Hlutverk nefndarinnar er að vera framkvæmdastjórn ÍSÍ til ráðgjafar um bygginga- og húsnæðismál.

Helstu verkefni nefndarinnar er m.a.:

- að skilgreina og vinna að markvissri áætlun um framtíðaraðstöðu ÍSÍ í Laugardal
- setja fram tillögur/markmið í skipulagsmálum á lóð ÍSÍ
- að koma með tillögu að viðbyggingum/nýbyggingum út frá þarfagreiningu
- annast önnur þau verkefni á sviði skipulagsmála sem framkvæmdastjórn ÍSÍ kann að fela nefndinni

Forseta og framkvæmdastjóra falið að finna aðila í nefndina.

Samþykkt að skipa Bygginga- og skipulagsnefnd Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal.

Hlutverk þeirrar nefndar er m.a.

- fjalla um og veita umsagnir um skipulagstillögur sem fram eru settar af Reykjavíkurborg
- fylgjast með tillögum sem fram koma um deiliskipulag er snerta Laugardalinn
- fylgjast með öðrum þáttum á sviði skipulagsmála

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir tilnefningu tveggja fulltrúa frá ÍBR nefndina. ÍSÍ skipi þrjá fulltrúa í nefndina.

9. Skipan vinnuhóps um íþróttanefndir ÍSÍ

Samþykkt að skipa vinnuhóp um íþróttanefndir ÍSÍ. Hlutverk nefndarinnar er að skoða núverandi fyrirkomulag um skipan íþróttanefnda ÍSÍ og hvort að hægt væri að standa öðruvísi að málum þannig að það falli betur að ytra og innra skipulagi ÍSÍ og íþróttahreyfingarinnar. Samþykkt að vinnuhópurinn skipi Sigríður Jónsdóttir, Friðrik Einarsson, Líney Rut Halldórsdóttir, Halla Kjartansdóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Vinnuhópurinn skal skila álitum til framkvæmdastjórnar fyrir næstkomandi íþróttáþing ÍSÍ.

10. Skipan í samstarfsnefnd ÍSÍ og HÍ

Við undirritun samstarfssamninga ÍSÍ og Háskóla Íslands var ákveðið að skipa samstarfsnefnd ÍSÍ og HÍ.

Samþykkt að skipa Ragnhildi Skúladóttur og Andra Stefánsson sem aðalmenn í nefndina og Sigríði Jónsdóttur og Sigríði Ingu Viggósdóttur sem varamenn.

11. Ferðasjóður íþróttafélaga

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá umsóknarferlinu í Ferðasjóð íþróttafélaga. Skil á umsóknum gengu vel og engir tækniörðugleikar komu upp. Úrvinnsla er hafin og stefnt er að úthlutun um miðjan febrúar.

12. Skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar

Örn Andrésen skýrði stöðu mála og kynnti tillögu að uppbyggingu nýs kerfis. Búið er að bera tillögurnar undir hýsingaraðila og fá grænt ljós frá þeim og einnig hefur verið haft samráð við nokkur stór félög um verkefnið. Áætlað er að það taki um 7-8 mánuði að klára verkið ef af verður.

13. Heiðranir

Engar tillögur um heiðranir lágu fyrir fundinum.

14. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 227. fundur framkvæmdastjórnar
- 1. og 2. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Afreks- og ólympíusvið ÍSí 13. janúar 2015

Tillaga sviðsstjórnar um fararstjóra til Tblisi í júlí samþykkt. Guðmundur Ágúst Ingvarsson verður aðalfararstjóri og Örvar Ólafsson aðstoðarfaraforstjóri.

- Afrekssjóður ÍSí, 12. janúar og 19. janúar 2015.
- Fjármálaráð ÍSí 14. janúar 2015

Samþykkt að nýta heimildir í samningum umsýslugjald vegna sjóða sem skrifstofa ÍSí hefur umsjón með. Vegna Ferðasjóðs íþróttafélaga alls 3,0 m.kr., vegna Slysabótasjóðs alls 5,0 m.kr. og vegna Afrekssjóðs ÍSí 2,0 m.kr.

- Verkefnasjóður ÍSí 22. janúar 2015 – **Tillögur sjóðsstjórnar samþykktar.**

15. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og þegar til lengri tíma er litið.

16. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næsti fundur er áætlaður 19. febrúar. Samþykkt að óska eftir kynningu frá sjálfstæðum vinnuhópi íþróttahéraða um helstu niðurstöður funda hans á landsvísu.

Forseti upplýsti að áætlað væri að mennta- og menningarmálaráðherra fundaði með formönnum sérsambanda ÍSí 10. febrúar nk. í ráðuneytinu. Gert er ráð fyrir fundi með sérsamböndum til undirbúnings einhverju fyrr.

17. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.